

Fundargerð 95. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2026, föstudaginn 20. febrúar kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Fannar Jónasson, Gerður Björk Sveinsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Sjávarútvegsfundur 2026 - 2601001SU**

Sjávarútvegsfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga fer fram á Drift, Strandgötu 1, Akureyri miðvikudaginn 4. mars 2026 kl. 9:30-11:30.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi dagskrá og felur starfsmanni samtakanna að senda út fundarboð til aðildarsveitarfélaga, þingmanna og aðila sjávarútvegs.

Stjórn samtakanna hvetur einnig kjörna fulltrúa aðildarsveitarfélaga til að fjölmenna á fundinn.

Fundi var slitið kl. 08:30